

Reykjavík 15. júní 2023

Menntamálastofnun

Víkurbær 3

203 Kópavogi

b/t Thelma Clausen Þórðardóttir

RAF MENNT ehf kt: 590104-2050 óskar endurnýjunar á viðurkenningu sem fræðsluaðili samkv. lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Meginmarkmið

Hlutverk RAF MENNTAR er að:

- Sjá um endurmenntun félagsmanna RSÍ og SART
 - Með kynningum á nýjungum
 - Námskeiðahaldi
- Þróa námsbrautir fyrir félagsmenn RSÍ sem hafa ekki lokið formlegu námi

Til að sinna þessu hlutverki er hugsýn RAF MENNTAR skilgreind þannig:

RAF MENNT sé leiðandi menntastofnun á sínum sérsviðum og uppfylli kröfur rafiðnaðarins og staðsetji sig í flóru framhaldsfræðslu með góðri menntun í samræmi við kröfur markaðarins, stöðugum umbótum og skipulegri uppbyggingu.

RAF MENNT komi að uppbyggingu stuttra námsbrauta til viðurkenningar á sérhæfðum tæknistörfum á sviði hljóðs, myndvinnslu og öðrum greinum sem félagsmenn RSÍ stunda.

Námskeið sem eru kennd hjá RAF MENNT eru hluti af endurmenntun félagsmanna RSÍ og SART en eru ekki hluti af námsbraut. Nokkur námskeið gefa þó réttindi sem skilgreind eru hjá HMS svo sem brunaviðvörðunarkerfi (**MÖRY4BB02**) og brunapéttingar (**BRUN08ÞÉTT**). Réttindin veita þeim sem ljúka þessum námskeiðum að vinna ið brunakerfi og brunapétta með lögnum sem liggja milli brunahólfa t.d. í byggingum.

Öll kennsla fer fram í því formi sem hentar efninu sem best. Verklegar æfingar fara fram í húsnæði RAF MENNTAR. Bóklegt efni er ýmist kennt í staðnámi eða í fjarnámi á rauntíma.

RAF MENNT sinnir raunfærnimati rafiðnaðarmanna með samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Raunfærnimatið rafiðnaðarmanna er flest á mótí námskrám framhaldsskólanna og unnið í samvinnu við þá. Einnig hefur verið framkvæmt raunfærnimat í hljóðvinnslu og lýsingu viðburða. Það hefur verið gert á mótí hæfnikröfum starfa.

Hjá RAF MENNT starfar Náms- og starfsráðgjafi í fullu starfi sem sinnir verkefnum kringum raunfærnimat en er einnig í samstarfi við Vinnumálastofnun og Virk starfsendurhæfingar vegna félagsmanna sem eru á skrá þar.

Stefna í kennslu og námi

RAF MENNT leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni með viðeigandi tækjabúnaði og eftir því regluverki sem rafiðnaðurinn starfar eftir. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu.

Stefna í þróun námsbrauta

Unnið verður að skipulagi stuttra námsbraut í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir félagsmenn RSÍ og SART sem hafa stutta formlega skólagöngu. Þegar eru í boði námskrár sem eru við hæfi svo sem:

- Tækniþjónusta
- Tölvuumsjón

Einnig eru til nokkrar námskrár í smiðjum ss:

- Hljóðsmiðja I og II
- Kvikmyndasmiðja

Þessar brautir og smiðjur henta félagsmönnum því fjöldi þeirra starfa á þessu sviði. Sjá nánar á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is

Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna

Starfsmenn og nemendur búi við góðar aðstæður, séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og líði vel við störf og nám hjá RAF MENNT.

Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði

Nýta vel þá fjármuni sem RAF MENNT hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki.

Markmið

Meginmarkmið RAFMENNTAR er að veita endurmenntun og eða viðbótarmenntun sem samtímis er sniðin að þörfum félagsfólks og atvinnulífinu. Það er stefnan að vera ávallt í fararbroddi í þróun kennsluefnis, kennsluhátta og notkun upplýsingatækni í kennslu.

Markmið sem viðurkenndur fræðsluaðili er að koma betur til móts við félagsfólk RSÍ sem eru með stutta formlega skólagöngu.

Hluti af því verður að halda áfram þróun að raunfærnimati í rafiðngreinum, ljósa-, hljóð- og myndvinnslu ásamt þróun annarra nýrra námsbrauta og kennsluaðferða.

Unnið er að vinna að viðurkenningu fagbréfa í samstafi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um tæknitengd störf og er stöðuskýrsla um það verkefni komin á vef RAFMENNTAR undir um okkur Ársskýrslur o.fl.

Kennsla

Hjá RAFMENNT er beitt fjölbreyttum kennsluaðferðum. RAFMENNT hefur aðgang að Microsoft TEAMS sem er notað við kennslu í rauntíma.

Stöðugt er leitað leiða til að nýta tölvuækni til kennslu bæði í fjar- og staðnámi. Fjarnámið er enn kennt í rauntíma en með tilkomu nýs kennsluvefjar verður kennsluefni sett þar inn sem nemendur geta nýtt sér í eigin tíma þegar þeim hentar.

Húsnæði/búnaður

RAFMENNT hefur til umráða tæplega 1.240 fm af húsnæði við Stórhöfða 27 í Reykjavík. Húsnæðið sem er til umráða er á þremur hæðum með lyftu og fyllir það upp staðla fyrir aðgengi fatlaðra.

Húsnæðið skiptist í þrjár kennslustofur, fyrirlestrar sal sem hægt er að skipt í tvennt og stóran sal (hvelfingu) þar sem verkleg próf fara fram.

Kennslubúnaðurinn er mjög fjölbreyttur þar sem mikill hluti námsins er verklegur sem krefst stórra vinnusala með miklum tækjabúnaði og tölum. Stór hluti kennslubúnaðar er í stöðugri endurnýjun og fer árlega mikið fjármagn í endurnýjun og viðhald á búnaði til kennslu.

Stjórnskipulag

Daglegur rekstur RAFMENNTAR er í höndum framkvæmdastóra. Í starfslýsingu hans kemur fram að ábyrgð og markmið starfsins sé:

- Ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, þ.m.t. fjármálum og mannauðsmálum, faglegri umgjörð starfsins, kynningarþætti og samstarfi og samskiptum við alla hagaðila.

- Ábyrgð á gerð fjárhags- og rekstraráætlun sem lögð er fyrir stjórn/ir.
- Ábyrgð á reglubundinni upplýsingagjöf og tölfraedi til stjórnar um framgang og árangur í starfi
- Vera í forystu í þróun og nýjungum, kennsluháttum og tryggja framboð af því besta í rafiðnaði og tengdum greinum.


Stjórn fundar reglulega með framkvæmdastjóra.

Stjórn skólans skipa	Staða	Fulltrúi
Hjörleifur Stefánsson	formaður	SART
Andri Reyr Haraldsson	varaformaður	RSÍ
Andri Jóhannesson	meðstjórnandi	RSÍ
Helgi Rafnsson	meðstjórnandi	SART
Margrét Halldóra Arnarsdóttir	meðstjórnandi	RSÍ
Ragnar G. Gunnarsson	meðstjórnandi	RSÍ
Hjörtur Árnason	meðstjórnandi	SART
Pétur H. Halldórsson	meðstjórnandi	SART

Varamenn

Kristján Daníel Sigurbergsson	SART
Finnur Víkingsson	RSÍ

Hér má sjá skipurit RAFMENNTAR, stjórn fer með yfirstjórn félagsins. Framkvæmdastjóri er næsti yfirmaður allra starfsmanna.



RAF MENNT er rekið fyrir endurmenntunargjald félagsmanna RSÍ og SART. Menntasjóður rafiðnaðarmanna (MSR) hefur umsjón með endurmenntunargjaldinu. RAF MENNT leggur fram áætlun í lok árs um rekstur næsta árs. Um mitt ár er stjórn upplýst um stöðu miðað við áætlun. Ef niðurstaða er ekki í samræmi við áætlun er

beiðni um fjárframlög ef uppá vantar til MSR. Við gerð ársreikninga er síðan staða verkefna gerð upp og RAFMENNT skilar til MSR því sem ekki er notað eða fær fjárveitingu til að veða móti kostnaði umfram áætlun.

Tekjur menntasjóðs eru því bundnar endurmenntunargjaldi félagsmann RSÍ sem samið er um í kjarasamningum til reksturs endurmenntunar fyrir félagsmenn. Það er svo á ábyrgð framkvæmdastjóra að reka RAFMENNT innan þeirrar áætlunar sem lögð er fram og samþykkt af stjórn MSR.

Menntunarkröfur starfsmanna

Framkvæmdastjóri er með M-Ed í kennslufræði og stjórnun. Hann hefur starfað í framhaldsskólum við kennslu og stjórnun. Verkefnastjóri sterkstraums er rafmagnsiðnfræðingur. Verkefnastjóri miðlunar, tækni og skapandi greina er með BA próf í ljósaönnun viðburða. Námsráðgjafi er með meistaraáráðu í náms- og starfsráðgjöf. Aðrir starfsmenn eru með meistararéttindi í raf- eða rafeindavirkjun og starfað við fagið í prófnefndum og starfsgreinaráði til fjölda ára.

Almennt er gerð krafa um menntun sem nýtist í starfi til starfsmanna RAFMENNTAR. Auk þess er lögð rík áhersla á að starfsmenn hafi reynslu úr atvinnulífinu og til kennara á námskeiðum er gerð krafa um kennsluréttindi.

Fjárhagur

Ársreikningur RAFMENNTAR fyrir síðasta ár og áætlun þessa árs fylgir með umsókn.

Yfirlýsing stjórnar

Yfirlýsing stjórnar RAFMENNTAR sem veitir mennta- og menningarmálaráðuneyti upplýsingar um starfsemi á hverjum tíma fylgir með umsókn.

Gæðamál

RAFMENNT er með EQM+ vottun frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er umsjónaraðili með EQM og EQM+ gæðakerfinu sem er hannað fyrir fræðsluaðila í fullorðins fræðslu.

Kerfið metur gæði í framkvæmd fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Nánari upplýsingar um EQM og EQM+ er að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/gaedavottun/>

Námslok

Eins og áður er rakið er meginmarkmið RAFMENNTAR að sjá um endurmenntun og rafiðnaðarmanna. Endurmenntunarnámskeið eru ekki skilgreind á hefniþrepi en segja má að þau séu flest að lágmarki á þriðja hæfniþrepi þar sem almennt er forkrafa þess að sækja slík námskeið er sveinspróf í faggrein eða langur starfsaldur.

Námslok starfstengds fagnáms er á öðru þrepi á þeim brautum sem þegar eru samþykktar hjá FA. Ekki hefur verið lögð áhersla á kennslu á þessum brautum þar sem eftirspurn er lítil.

Haldið er utan um þátttöku nemenda í INNU og eftir hvert námskeið fá nemendur viðurkenningaskjal að hafa lokið námskeiði. Á skjalinu kemur fram lýsing námskeiðs og tímalengd.

Nemendabókhald

Utanhald nemenda er í gegnum nemendabókhaldsforrit INNA. Í INNU eru allar upplýsingar um nemendur skráðar svo sem námsferill, mætingar og mat á námi eða reynslu sem hefur áhrif á námsferil nemandans.

Í INNU er kennsluvefur þar sem nemendur nálgast kennslugögn, verkefni og fyrirmæli frá kennurum.

Allar námsbækur sem ætlaðar eru til kennslu í þessum greinum eru aðgengilegar öllum á www.rafbok.is

Réttindi og skyldur nemenda og starfsmanna.

Nemandi sem telur á sér brotið leitar fyrst til verkefnastjóra um leiðréttingu mála. Náist ekki samkomulag um málalýktir er málinu vísað til framkvæmdastjóra sem tekur ákvörðun um málalýktir. Sé nemandi ekki enn sáttur við málalýktir getur hann vísað málinu til stjórnar sem leitar umsagnar óháðs aðila eða kveður upp lokaúrskurð í málinu.

Þessi málsmeðferð á einnig við um starfsmenn sem telja framkomu eða annað í vinnuumhverfinu sé ábótavant.



RAF MENNT
fræðslusetur rafiðnaðarinnar

Þor Pálsson
Framkvæmdastjóri

Fylgirit:

Yfirlýsing stjórnar, starfsleyfi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, yfirlit yfir fjárhag umsækjenda, fjárhagsmálefni og ársreikningur 2022.